

# Héraðsdómur Vesturlands



## D Ó M U R

5. mars 2026

Mál nr. S-267/2025

**Lögglustjórinn á Vesturlandi**  
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

**gegn**

**Ólafi Hauki Atlasyni**  
(*Skarphéðinn Pétursson lögmaður, verjandi ákærða*)

---

**Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari**

## Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. mars 2026

### I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 1. september 2025, á hendur Ólafi Hauki Atlasyni, kt. ..., ..., ..., til dvalar í fangelsinu að Litla-Hrauni, Eyrarbakka.

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 10. maí 2024, ekið bifreiðinni ... sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 3,13 ‰) um ... á Akranesi, þar sem ákærði ók bifreiðinni á hús nr. ... við framangreinda götu og staðnæmdist þar.

Telst háttsemi þessi varða við 1. sbr. 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr. sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M: 313-2024-006583

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

3. Ákæruvaldið ítrekar kröfur samkvæmt ákæru og krefst fangelsisdóms. Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

4. Aðalmeðferð málsins fór fram 5. febrúar 2026, með skýrslutökum af ákærða og vitnum. Að loknum munnlegum málflutningi var málið dómtekið.

### II. Málsatvik

5. Föstudaginn 10. maí 2024 barst lögreglu tilkynning að jeppabifreið hefði verið ekið á húsið nr. ... við ... á Akranesi. Samkvæmt tilkynningunni virtist sem ökumaður bifreiðarinnar væri að reyna að aka af vettvangi en hefði svo stigið út úr bifreiðinni.

6. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að á vettvangi hafi lögreglan tekið eftir ákærða sem hafi verið á gangi á bifreiðastæðinu milli ... .. og .... Ákærði hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis og grunur lögreglumanna vaknað að hann væri sá er ekið hefði umræddri bifreið. Ákærði hafi því verið handtekinn grunaður um ölvun við akstur og færður á lögreglustöðina á Akranesi.

7. Á lögreglustöðinni hafi hjúkrunarfræðingur dregið blóð úr ákærða. Þá var aftur dregið blóð úr ákærða klukkutíma seinna líkt og venjan er í þeim málum þar sem menn eru ekki staðnir að akstri. Að seinni blóðsýnatöku lokinni hafi ákærði verið vistaður í fangaklefa því hann hafi ekki verið viðræðuhæfur sökum ölvunar.

8. Lögreglan hafi að svo búnu rætt við tilkynnanda sem hafi tjáð þeim að hún hefði séð ökumanninn stíga út úr bifreiðinni og ganga aftur fyrir ... og þaðan fram fyrir húsið þar sem hún hafi séð lögregluna handtaka viðkomandi. Þar sem kveikjulaslyklar bifreiðarinnar fundust ekki á vettvangi hafi hún verið fjarlægð með dráttarbifreið.

9. Í málinu liggur fyrir niðurstaða Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 16. maí 2024. Rannsókuð voru tvö blóðsýni úr ákærða með gasgreiningu, fyrra blóðsýnið mældist með 3,13‰ alkóhól í blóði en það seinna 2,95‰.

### III. Skýrslur fyrir dómi

10. Ákærði, Ólafur Haukur Atlason, gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Greindi hann frá því að hann átti sig ekki alveg á því hvers vegna hann hafi verið handtekinn af lögreglu. Hann hafi ekki verið handtekinn á göngu heldur verið staddur í heimahúsi undir áhrifum áfengis þegar lögreglan hafi bankað upp á og handtekið hann, fært hann í blóðsýnatöku og því næst í skýrslutöku. Hann hafi ekki verið staðinn að akstri, kannist ekkert við bifreiðina, viti ekki hver eigi hana og þá hafi hann ekki verið með kveikjulaslyklana að henni. Aðspurður neitar hann fyrir að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Spurður út í þá afstöðu til sakarefnisins sem hann gaf við þingfestingu málsins að hann viðurkenni að hafa ekið sviptur ökurétti en neiti því að hafa ekið undir áhrifum sagðist ákærði á þeim tíma ekki hafa kynnt sér málgögn nægilega vel og því ekki vitað almennilega um hvað málið hafi snúist.

11. Vitnið [A...] gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Kvaðst hún hafa verið stödd heima hjá sér að ... þegar hún heyrði hljóð að utan sem bentu til þess að einhver ætti í vandræðum með gírkassann á bílnum sínum. Stuttu seinna hafi hún heyrt *þungan dynk* og þá strax farið að glugganum og litið út. Þar hafi hún séð hvar bifreið hafði verið ekið á húsið og ökumaður bifreiðarinnar, sem var einn í bifreiðinni, enn þá að reyna að aka áfram og eitthvað að *ströggla* við gírkassann. Hún hafi hugsað með sér af hverju viðkomandi væri ekki að bakka, fundist þetta eitthvað skrítið og ákveðið að hringja eftir aðstoð lögreglu.

12. Hún hafi fengið samband við lögreglu sem hafi beðið hana um að samþykkja myndasímtal svo lögreglan gæti séð hvað væri í gangi. Hún hafi verið beðin um að hafa myndasímtalið í gangi þar

til lögreglan myndi handtaka viðkomandi. Vitnið hafi svo verið að flakka á milli glugga til að athuga hvort lögreglan væri að koma og um leið að fylgjast með ökumanni bifreiðarinnar. Vitnið hafi því ekki séð ökumanninn stíga út úr bifreiðinni. Þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi ökumaðurinn enn þá verið við húsið hennar en á leið inn í íbúðina í næsta húsi við vitnið og hafi lögreglumenn og hann þar átt í einhverjum orðaskiptum. Vitnið kvaðst hafa þekkt ökumanninn í sjón því hann hefði áður verið með einhverjar óspektir í umræddri íbúð í næsta húsi við vitnið. Viðkomandi hafi svo farið að streitast á móti og þá hafi hann verið handtekinn.

13. Aðspurð sagði vitnið að hún hefði ekki séð þessa bifreið áður, en hafði sem fyrr segir séð ökumann hennar áður. Vitnið var spurð um það hvort bifreiðin hafi verið í gangi þegar vitnið hafi litið út um gluggann eftir að bifreiðinni var ekið á húsið. Svaraði vitnið því til að bifreiðin hafi verið í gangi og ökumaðurinn að reyna að bakka en hann hafi örugglega verið í fyrsta gír. Bifreiðin hafi verið upp við húsið allan tímann og það hafi verið eins og ökumaðurinn hafi verið að reyna að aka inn í íbúðina. Aðspurð hvort hún geti fullyrt að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið sami maður og lögreglan handtók sagði vitnið *já mér finnst það, ég var stödd þarna í íbúðinni fyrir ofan að horfa og það var enginn annar þarna í kringum og ég sá hendurnar á honum og þetta var stór karlmaður og þeir handtóku stóran karlmann. Að minni vitund var þetta sami maður og var undir stýri sem þeir handtóku...Þetta var einn maður allan tímann fyrir mér.*

14. Lögreglumaður nr. 9826 gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti aðkomu sinni að málinu. Kvaðst hann hafa farið á vettvang eftir að tilkynning barst um að bifreið hefði verið ekið á hús við .... Í tilkynningunni hafi sömuleiðis komið fram að ökumaður bifreiðarinnar væri að reyna að aka í burtu en það hafi ekki tekist því ökumaðurinn virðist aka bifreiðinni áfram í stað þess að bakka henni. Um hafi verið að ræða bílastæði á milli tveggja húsa og þegar lögreglumenn komu á vettvang hafi þeir séð ákærða á gangi áberandi ölvaðan. Þá hafi þeir haft hann grunaðan um að hafa verið að aka bifreiðinni, handtekið hann og fært hann á lögreglustöð. Vitnið staðfesti að hafa skrifað frumskýrslu um málið og vísaði til hennar varðandi framburð tilkynnanda. Inntur eftir því hvort leitað hafi verið á ákærða að kveikjuláslyklum bifreiðarinnar sagði vitnið að alltaf væri öryggisleitað á mönnum áður en þeir væru færðir í klefa en engir kveikjuláslyklar hafi fundist. Þá minnti vitnið að bifreiðin hafi verið læst þegar þeir komu á vettvang. Spurður um þá fullyrðingu ákærða að hann hefði verið handtekinn í heimahúsi sagði vitnið að hans skilningur hafi verið að ákærði hafi verið handtekinn fyrir utan en ekki inni í íbúð. Aðspurður sagði vitnið að hann hafi ekki orðið var við neinn annan þarna á staðnum og enginn annar inni í bifreiðinni.

15. Lögreglumaður nr. H1737 gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti því að tilkynning um umrætt atvik hafi borist lögreglunni og að með tilkynningunni hafi komið fram að upptaka væri í gangi og

fjarskiptamiðstöð væri að fylgjast með upptökunni. Sökum þess hvernig hverfið sé skipulagt hafi það tekið lögreglumenn smá tíma að koma sér á vettvang en fjarskiptamiðstöð hafi leiðbeint þeim. Rétt áður en lögreglumenn komu á vettvang hafi fjarskiptamiðstöð látið þau vita að ökumaðurinn væri að labba frá bifreiðinni í átt að tiltekinni íbúð þarna rétt hjá. Þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi þeir komið við hjá umræddri bifreið, en vitnið minnti að aðalljós hennar hafi verið kveikt og þau því gert ráð fyrir að bifreiðin væri í gangi. Lögreglumenn hafi að svo búnu gengið aðeins lengra frá, að næstu blokk þar sem ákærði hefði staðið en vitnið minnti að hann hefði verið að banka á dyrnar á ákveðinni íbúð. Er þau hafi gefið sig á tal við ákærða hefði einhver opnað dyrnar á íbúðinni, sá aðili hafi, að því er vitnið minnti, verið í símanum en vitnið kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hvort viðkomandi hefði verið að ræða við ákærða í símann. Ákærði hefði þó verið með heyrnartól á höfðinu. Lögreglumenn hafi strax gert sér grein fyrir því að ákærði væri verulega ölvaður og honum tilkynnt að hann væri handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum áfengis. Aðspurð um viðbrögð ákærða þegar honum var tilkynnt að hann væri handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum áfengis, sagði vitnið að ákærði hefði spurt hvað lögreglumenn væru að gera og virst hissa. Vitninu hafi þó fundist það vera leikaraskapur frekar en alvara. Aðspurð sagðist vitnið ekki vita hvort kveikjulaslyklarnir hafi fundist. Spurð út í þá fullyrðingu ákærða að hann hafi verið handtekinn í heimahúsi sagði vitnið að það samrýmist ekki því sem gerðist, vitnið myndi greinilega eftir því að ákærði hafi verið handtekinn fyrir utan íbúðina. Innt eftir því hvort þarna hafi verið einhver umferð gangandi fólks kvað vitnið svo ekki hafa verið og þar af leiðandi hafi lögreglumenn áttað sig strax á því að þetta væri réttur aðili því enginn annar hafi komið til greina.

16. Vitnið [B...], verkefnastjóri Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði gaf símaskýrslu fyrir dómi og fór yfir og staðfesti niðurstöður rannsóknar á blóðsýnum úr ákærða.

#### **IV. Niðurstaða**

17. Ákærða er gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa, föstudaginn 10. maí 2024, ekið bifreiðinni ... sviptur ökurétti og undir verulegum áhrifum áfengis.

18. Ákærði hefur neitað sakargiftum eins og þeim er lýst í ákæruskjali málsins. Neitar ákærði fyrir að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn og ekki sé hægt að sakfella hann á þeim grundvelli að líklegast sé að hann hafi ekið bifreiðinni. Hann hafi ekki verið staðinn að akstri, kannist ekkert við bifreiðina, viti ekki hver eigi hana og þá hafi hann ekki verið með kveikjulaslyklana að henni. Hann undrist mjög að hafa verið handtekin þar sem hann hafi verið staddur í heimahúsi.

19. Dómurinn hafnar þessum framburði ákærða sem ótrúverðugum enda hann á skjön við önnur gögn málsins. Fyrir liggur að vitnið [A...] metur það svo, þegar hún var spurð hvort hún gæti fullyrt slíkt, að það hafi verið ákærði sem hefði setið undir stýri bifreiðarinnar í þeim vandræðagangi sem að framan er lýst og þá hafi bifreiðin verið í gangi og tilraunir gerðar til að aka henni. Það sem styður að þetta hafi verið ákærði er þessi framburður vitnisins sem m.a. byggði á því að hún hafi engan annan séð á svæðinu umrætt sinn, en af framburðinum verður ráðið að þótt hún hafi ekki séð ákærða stíga út úr bifreiðinni þá hafi mjög skammur tími liðið þar sem hún leit af bifreiðinni og vettvangi. Þá mat hún það einnig út frá útliti ákærða og því sem hún sá til ökumannsins undir stýri að um sama manninn væri að ræða.

20. Framburður þeirra lögreglumanna sem að komu styður þetta en hvorugur sá annan mann á staðnum og töldu þeir báðir víst að ákærði hefði verið við stjórn bifreiðarinnar umrætt sinn. Annar þeirra minnst enda þess að starfsmaður á fjarskiptamiðstöð lögreglu sem sbr. framangreint fylgdist með vettvangi og atburðarásinni í mynd í gegnum símtæki vitnisins [A...] hafi greint lögreglu frá því rétt áður en lögreglumenn komu á vettvang, að ökumaður bifreiðarinnar hafi sést ganga frá bifreiðinni í átt að íbúð þar nærri. Það samræmist framangreindum framburði.

21. Við heildarsönnunarmat í málinu athugast og að ekkert liggur þá fyrir um það í málinu að sá framburður ákærða að hann hafi verið handtekinn þar sem hann var heimsókn í heimahúsi standist. Ákærða hefði verið í lófa lagið að benda á hvar og í hvaða tilgangi hann hafi verið í heimsókn umrætt sinn, en slíkur framburður hefði getað styrkt þessa vörn hans verulega enda hefðu þá væntanlega verið hæg heimatökin með að sannreyna það hjá gestgjafa ákærða og málinu mögulega lokið þar. Það getur að mati dómsins þá ekki skipt sköpum við sönnunarmat í málinu þótt kveikjuláslyklar bifreiðarinnar hafi ekki fundist umrætt sinn hvorki í bifreiðinni né á ákærða. Þrátt fyrir að ákærði hafi þarna verið ofurölvi má ætla að fyrri háttsemi hans og reynsla hafi hjálpað honum til þess að átta sig á því að ekki væri vænlegt að hafa lyklana í sínum vörslum þegar hann sá lögreglu koma aðvífandi og ekki ólíklegt að hann hafi því talið rétt að losa sig við þá.

22. Þá athugast einnig að framburður ákærða breyttist fyrir dómi, en við þingfestingu málsins bar ákærði á þann veg að hann hafi ekki ekið undir áhrifum umrætt sinn en gekkst hins vegar við því að hafa ekið sviptur ökurétti. Ákærði gaf þá skýringu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins að hann hefði ekki náð að kynna sér gögnin nægjanlega vel og ekki vitað almennilega hvert sakarefnið væri. Í þinghaldinu lágu fyrir gögn málsins og ákæra var kynnt fyrir ákærða, sem sbr. gögn málsins og framangreint hefur margsinnis séð sambærileg ákæruatriði og mátti því átta sig

fullilega á ákæru málsins og því hvaða atvik um ræddi. Þessa breytingu á afstöðu til sakarefnisins verður því einnig að meta ótrúverðuga.

23. Dómurinn telur því með vísan til framangreinds að fram sé komin sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem í ákæru greinir og er brotið að mati dómsins með réttu heimfært til lagaákvæða.

#### **V. Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður**

24. Ákærði er fæddur árið .... Samkvæmt framlögðu sakavottorði dagsett 4. febrúar 2026 á ákærði töluverðan sakaferil að baki. Það sem kemur helst til skoðunar við ákvörðun refsingar í þessu máli er að ákærða var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 2025 í máli nr. 3113/2025 gert að sæta fangelsi í þrjú ár og 10 mánuði fyrir akstur sviptur ökurétti í tíunda sinn, sem og akstur undir áhrifum áfengis og/eða ávana- og fíkniefna einnig í tíunda sinn allt innan ítrekunartíma í skilningi 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau brot sem ákærði er sakfelldur fyrir nú voru drýgð fyrir uppsögu framangreinds dóms og verður honum því gerður hegningarauki nú, sbr. 78. almennra hegningarlaga. Skal hegningarauki ákærða samsvara þeirri þyngingu hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin 4. febrúar 2025.

25. Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru efri mörk refsiramma vegna brota ákærða tvö ár. Með framgreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur var vegna brota ákærða á skilorði tekin upp reynslulausn og ákærða gert að afplána þá 670 daga sem eftir stóðu við veitingu reynslulausnar. Í máli nr. S-3113/2025 var einungis ákært fyrir tvö brot gegn umferðarlögum þar sem ákærði ók undir áhrifum og sviptur ökuréttindum í bæði skiptin. Niðurstaðan í því máli varð allt að einu sú að við refsingu ákærða var bætt sem svarar til 24 mánuðum eða tveimur árum í fangelsi. Með vísan til alls framangreinds, sakarefnis, sakaferils ákærða og refsihámarks samkvæmt framangreindu ákvæði er það niðurstaða dómsins, með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga, að ekki séu efni til að gera ákærða frekari refsingu vegna þeirra brota sem hann er nú sakfelldur fyrir, umfram það sem honum var gerð í framangreindu máli.

26. Með vísan til framangreinds og þeirra lagaákvæða sem greinir í ákæru verður áréttuð ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

27. Ákærða verður í samræmi við niðurstöðu málsins og 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 gert að greiða allan sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun verjanda.

28. Málsvarnarlaun verða með hliðsjón af umfangi málsins og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026, ákveðin hæfileg 424.080 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá skal ákærði greiða aksturskostnað verjanda síns svo sem í dómsorði greinir.

29. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

30. Málið dæmir Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

## **D Ó M S O R Ð**

Ákærða, Ólafi Hauki Atlasyni, er ekki gerð frekari refsing.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Péturssonar lögmanns, 424.080 krónur auk 20.736 króna í aksturskostnað.

Þá greiði ákærði 283.030 krónur í annan sakarkostnað.

Lárentsínus Kristjánsson